

Nigel Watson, Sólveig Halldórsdóttir og Inga Bjarnason í hlutverkum sínum í Fröken Júlfa alveg óð.

Tilraunaleikhús á ferðinni

All-nýstárlegt verk verður frumsýnt í kjallara Æskulýðsráðs að Frikirkjuvegi 11 á sunnudaginn. Hér er á ferðinni stílfæring á leikritinu Fröken Júlfa eftir Strindberg.

Nigel Watson og Inga Bjarnason hafa unnið sl. 5 ár í Triple Action Theatre, einu af leiðandi tilraunaleikhúsum Englands, sem leikarar, leikstjórar og bókmenntaráðunautar. Leikhús þetta fæst við tilraunasýningar á klassískum texta, frá Sófoklesi til Shakespears og Byrons og leitast við að skapa nýjan leikstíl.

Á þessu 5 ára tímabili hafa viðfangsefnið ávallt snúist um leikrit í bundnu máli. Snemma vors 1976 vaknaði áhugi Nigels og Ingu á að kanna möguleika hins óbundna máls til grundvallar spuna (improviseringu) á uppbyggingu sýningar í hinum nýja leikstíl, sem má líkja að nokkru við nútíma dans eða látbragð.

Fyrir valinu varð Fröken Júlfa Strindbergs. Leikritið sem nú verður frumsýnt er unnið í hópvinnu úr verkni Strindbergs, Bibliunni og nokkrum íslenskum söngvum og heitir það Frök-

en Júlfa alveg óð. Textinn er bæði á ensku og íslensku.

Inga Bjarnason leikur Júlíu, Nigel Watson leikur Jean, og er hann jafnframt leiðari sýningarinnar, og Sólveig Halldórsdóttir leikur Kristínu. Sólveigu fengu þau Inga og Nigel til liðs við sig eftir að hafa séð hana í sýningum Nemendaleikhússins. Aðstandendur sýningarinnar vonast til þess að hún sé aðgengileg fyrir allan almenning, þar sem hún sé ekki síður ætluð fyrir augað en eyrað.

Mibasala hefst 7. janúar í kjallara Æskulýðsráðs og stendur kl. 5-7.

Sigríður Ella tyllir við tá á Íslandi

— og syngur með Simon Vaughan á tónleikum í Austurbæjarbíói á laugardaginn

„Þetta er ekki í fyrsta skipti sem við Simon Vaughan syngjum saman. Fyrir tveim árum fórum við út um land og sungum þá á Húsavík, Egilsstöðum og Akureyri, en auk þess höfum við oft sungið saman erlendis“, sagði Sigríður Ella Magnúsdóttir, óperusöngkona í samtali við Vísir.

Sigríður Ella og Simon Vaughan halda tónleika í Austurbæjarbíói á laugardaginn kl. 14.30. Undirleikari þeirra verður Ólafur Vignir Albertsson pianóleikari.

Á efnisskránni eru bæði ein-söngslög og dúettar, kunn þýsk þjóðlög, óperudúettar og lög m.a. frá Frakklandi, Ítalíu og Íslandi. Aðspurður sagði Simon Vaughan hann héldi mest upp á dúett eftir Sanson af því sem á efnisskránni.

„Þetta hjardljóð er eitt af því besta sem við fundum“, sagði hann, „en ég er líka mjög hrifinn af íslenska ljóðaflokknum. Hann er eftir Pál Isólfsson og hefur aldrei verið sunginn áður“.

Millilending

Sigríður Ella hefur sungið víða, bæði hér heima og erlendis. Hún er um þessar mundir búsett í London, en er hér heima í stuttu leyfi. Í mánaðarlokin

heldur hún í söngferð til Bandaríkjanna og Kanada.

„Mér finnst alltaf mest gaman að koma heim, en þó held ég að mér leiddist ef ég væri ekki á ferðinni“, sagði hún.

„En það er eiginlega ómöglegt að vera búsettur hér á landi, þegar maður er að syngja út um allar jarðir. Þetta er svo langt að fara og ferðirnar dýrar. Á Íslandi er ekki hægt að lifa af því einu að syngja. Þeir allra bestu geta það ekki einu sinni. Ég var hérna heima í fyrravetur á meðan ég söng í Carmen og þá kenndi ég með. Mér er eftirsjá að nemendum mínum, en kennslan er afskaplega bindandi.“


Fjórða ferðin til Íslands

Simon Vaughan hefur komið hingað til lands fjórum sinnum og þá sungið bæði í útvarp og sjónvarp. Einnig lék hann hlutverk nautabánans á nokkrum sýningum Carmen í Þjóðleikhúsinu sl. ár. Simon starfar sem söngvari í London og m.a. mun hann á næstunni syngja í tveimur óperum í London.

Þá er Simon einnig að búa sig undir nokkra tónleika á tónlistarhátíð í London í apríl.

Miðar á tónleikana verða seldir í bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar og í Austurbæjarbíói við innganginn.

Sýna í Gallerí Sólun Íslandus



Úr Gallerí Sólun Íslandus. Mynd: SA

Samsýning aðstandenda Galleris Sólun Íslandus stendur enn, en nokkur verk hafa verið tekin út og öðrum bætt við.

13 listamönnum utan hópsins var boðið að taka þátt í sýningunni og eru nú í Galleríinu m.a. verk eftir Þorvald Skúlason, Þóroð Hall, Braga Asgeirsson, Hörð Agústsson og Hring Jóhannesson. Auk þess eiga allir aðstandendur Gallerisins verk á sýningunni, en þeir eru þau Aðalsteinn Ingólfsson, Gunnar Örn Gunnarsson, Kolbrún Björgólfssdóttir, Kristján

Kristjánsson, Leifur Breiðfjörð, Magnús Kjartansson, Steinunn Bergsteinsdóttir, Sigurður Öryggsson, Steingrímur E. Kristmundsson, Þorbjörg Þórðardóttir og Örn Þorsteinson.

Á sýningunni eru nú um 80 verk, málverk, grafík, textil og keramik og stendur hún út þennan mánuð. Eftir að þessari sýningu er lokið, verður opnuð sýning á smámyndum eftir Kristján Davíðsson. Galleríið er opið kl. 2-6 virka daga nema mánudaga og kl. 2-10 um helgar.



Sigríður Ella Magnúsdóttir og Simon Vaughan æfa fyrir tónleikana á heimili Sigríðar. Mynd: JA

VINSÆLDIR SABÍNU HAFNA EKKI DVÍNAD

Leikfélag Akureyrar hefur að undanfögnu haft leikritið „Sabína“, eftir Hafliða Magnússon, til sýningar við ágætari undirtektir. Því er ætlunin að halda sýningum á því áfram um sinn.

Þetta er söngvaleikur og sér Ingimar Eydal um útsetningu og undirleik, en Saga Jónsdóttir um leikstjórnina. Í leikritinu eru fjögur og kraftmiklir söngvar og hafa sumir útvarpshlustendur ef-

laust heyrt þá fljóta eftir öldum ljósvakans. Leikendur eru 11 og með aðalhlutverk fara Þórir Steingrímsson, Heimir Ingimars-son, Gestur E. Jónasson, Aðalsteinn Bergdal og Asa Jóhannesdóttir, en alls starfa um 17 manns við sýninguna.

Fyrsta sýning á „Sabínu“ eftir áramótin verður núna í kvöld kl. 20:30 og svo aftur á sama tíma á sunnudagskvöldið.

Asa Jóhannesdóttir og Aðalsteinn Bergdal í Sabínu.



Á veggnum að baki Sigfúsar eru myndir af foreldrum hans og Laufásvegi 47, þar sem hann fæddist og ólst upp.

Mynd: JA.

Sunguð á léreft

„Þetta er fyrst og fremst málverkasýning, en þó verður af og til eitthvað flutt af lögum eftir mig. Jú, það má búast við að eitthvað af þeim verði ný lög“, sagði Sigfús Halldórsson listmálari og lagasmiður í samtali við Vísir.

Sigfús opnar á morgun sýningu að Kjarvalsstöðum á 137 verkum, sem flest eru til sölu. Myndirnar eru flestar málaðar á síðasta ári og er meðal þeirra að finna oliumyndir, vatnslitamyndir, myndir teiknaðar með japanskri oliukrít og blýants-teikningar.

„Þessar myndir eru málaðar allt frá Nýpsstað að Reykjanesi og mikið af þeim er úr Borgarfirðinum. Ég hef mikið unnið eftir frumdráttum, sem ég hef

gert á ferðum mínum um landið. Sumir þeirra eru mun eldri en myndirnar. Til dæmis er þessi mynd af húsunum við höfnina í Reykjavík nýmáluð, en þó er kolakraninn á henni“.

„Það voru leiktjöldin við leikritið Hallsteinn og Dóra eftir Einar H. Kvaran í uppfærslu sem gerð var á Blönduósi. Þetta leikrit er að því leyti draumur allra leiktjaldamálara að það gerist einhvers staðar í tilverunni.“

Hin leiktjöldin sem ég er með hérna eru öll úr „Igor fursta“, eftir Borudin, en sú ópera hefur ekki verið sýnd hér.“

Sýning Sigfúsar Halldórssonar að Kjarvalsstöðum verður opin til 16. janúar.